

Eiríkur Rögnvaldsson

"Er ekki kominn tími til að tengja?"

Í formála hinnar ágætu bókar *Mergur málsins* segir Jón G. Friðjónsson (1993:v):

Sameiginlegt einkenni orðatiltækja er í fyrsta lagi að búningur þeirra er fastmótaður og þau eru notuð sem ein heild í málinu. Í öðru lagi svipar þeim að því leyti til einstakra orða að þau geta ekki staðið ein sér heldur krefjast þau samhengis.

Það fyrirbæri sem nefnt hefur verið **fleiryrtar samtengingar** virðist geta fallið undir þessa afmörkun, þótt það falli líklega ekki að neinum þeirra flokka orðatiltækja sem Jón gerir grein fyrir (1993:v-vii). Enda er það auðvitað útúrsnúningur að tengja samtengingar orðatiltækjum. Eigi að síður er fróðlegt að skoða þessi fyrirbæri frá ýmsum sjónarhornum.

Í málfræði Björns Guðfinnssonar (1958:88-89) eru "helztu samtengingar" málsins taldar upp. Er sú romsa æði löng; 84 tengingar alls, þar af 11 aðaltengingar og 73 aukatengingar, 56 þeirra fleiryrtar (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1981:60). Sjálfsagt kannast ýmsir við að hafa þurft að læra þessa romsu utan að, ásamt reglum um hvernig þekkja megi sundur samhljóða tengingar af mismunandi flokkum ("**Sem** og **og** eru **samanburðartengingar**, ef setja má **eins og** í þeirra stað. **En** er **samanburðartenging**, ef setja má **heldur en** í þess stað.") - o.s.frv.

Upptalningar svipaðar þeirri sem Björn Guðfinnsson er með er að finna víða í málfræðibókum, þótt nokkur tilbrigði megi finna. Halldór Ármann Sigurðsson (1981) hefur bent á að það virðist næsta tilviljanakennt hvaða sambönd eru talin til tenginga, og eftir að hafa tínt til ýmis dæmi um sambönd sem Björn Guðfinnsson tekur ekki með, en virðast hliðstæð ýmsum tengingum hans, segir Halldór (1981:63):

Ofangreind dæmi ættu að nægja til að sýna að hefðbundin greining á "fleiryrtum aukatengingum" í íslensku er svo handahófskennd og ósamkvæm sjálfri sér að furðu hlýtur að sæta. [...] Þessi greining sýnist því ekki hafandi.

Í framhaldi af þessu leiðir Halldór að því rök að "fleiryrtar aukatengingar" séu ekki til, heldur beri að greina slík sambönd sem atvikslið + tengingu (Halldór Ármann Sigurðsson 1981:60). Sama afstaða er tekin í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991), sbr. Friðrik Magnússon (1988:17):

[...] samtengingar eru hér alltaf aðeins eitt orð. Svokallaðar fleiryrtar samtengingar (*til þess að, vegna þess að, svo að* o.fl.) voru bútaðar niður í einstök lesmálsorð og þau greind hvert út af fyrir sig (sem atviksorð, forsetningar, fornöfn, samtengingar o.s.frv.).

Hér er ekki ætlunin að taka afstöðu til þess máls hvernig greina beri sambönd af þessu tagi; ég læt nægja að taka fram að ég tel rök Halldórs sannfærandi að mörgu leyti, en hallast þó

að því að a.m.k. sumar hinna "fleiryrtu aukatenginga" eigi að greina sem **einyrtar** tengingar, þrátt fyrir það að venja sé að skrifa þær sem tvö eða fleiri orð. Tilgangur þessa pistils er sá einn að sýna örfá dæmi um að verulegar breytingar hafa orðið á samtengingakerfi málsins á undanförunum öldum, þótt þeirra sé sjaldan getið.

Þær upplýsingar sem hér koma fram um tíðni einstakra samtenginga að fornu eru eingöngu byggðar á tölvutækum textabanka fornmáls sem varðveittur er hjá Málvísindastofnun Háskólans; hann hefur að geyma *Íslendingasögur*, *Sturlungu*, *Heimskringlu*, *Landnámabók* og *Grágás*. Heimildir um seinni tíma mál byggjast einkum á safni 40 textabúta frá 16., 17., 18. og 19. öld, sem ég hef látið slá inn, og auk þess á *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Staðhæfingar um tíðni einstakra samtenginga í nútímamáli byggjast annars vegar á tilfinningu minni, og hins vegar á nokkru textasafni úr nútímamáli, því að eins og áður kom fram er upplýsingar um tíðni fleiryrttra tenginga ekki að hafa í *Íslenskri orðtíðnibók*.

Ég tek fram að líta ber á þetta sem lauslega athugun; því fer fjarri að ég hafi leitað af mér allan grun, einkum í seinni tíma textum. Ætlun mín er aðeins að sýna nokkur dæmi um þær breytingar sem virðast hafa orðið, án þess að þar sé um tæmandi greinargerð að ræða.

Ég ætla að einskorða mig hér við **orsakartengingar**. Þær eru þessar, skv. Birni Guðfinnssyni (1958:88):

- (1) af því að, því að, fyrir því að, með því að, úr því að, sökum þess að, sakir þess að, vegna þess að, þar eð, þar sem, fyrst

Sú tenging sem Björn telur fyrst, *af því að*, er mjög algeng í nútímamáli, en hlutfallslega mun sjaldgæfari í fornu máli (alls 96 dæmi í textasafninu). Í mörgum tilvikum virðist þar eðlilegt að líta svo á að *því* beri áherslu; sé vísandi, og merki u.þ.b. `þeirri ástæðu'.

- (2) a. Síðan reið Björn vestur um heiði til Kálfs og bauð honum bætur fyrir son sinn, eigi af því að þess væri vert heldur fyrir vingan þeirra (BjHít 19:101)
- b. Eigi spyrðu þessa af því að eigi hafir þú þetta áður ráðið með þér að vega eigi að liggjandi mönnum og vega skammarvíg. (Njála 146:323)
- c. En af því að dimmt var lét konungur bera til ljós og sá þá hvað títt var um Ölvi (Egla 44:420)
- d. Nú er að segja frá þeim Bárði og Aroni að þeir ríða fram að flokkinum og menn standa upp í móti og fagna þeim vel, af því að þar var vina fundur. (ÞorHaf 33:40)

Einnig er talsvert um það að fornu að *af því - að* sé fleyguð tenging, en það er mjög sjaldgæft í nútímamáli nema þá í fyrndum eða mjög formlegum stíl (sjá þó Halldór Ármann Sigurðsson 1981:68-70):

- (3) a. Fór eg af því hingað til þín að eg þóttist vita að þú mundir mína för góða gera. (Fljót 20:718)
- b. Var hann af því svo kallaður að hann drap skipshöfn í Grímsárósi fyrir það er hann var áður ræntur af þeim. (Flóam 9:734)
- c. Eigi var eg af því Ara gift að eg vildi þig eigi heldur átt hafa. (GíslS 1:852)

- d. Þess spyr þú eigi af því móðir að eigi vitir þú áður. (Laxd 53:1618)

Algengasta orsakartengingin að fornu virðist vera *því að*, og svo er sennilega einnig í nútímamáli.

- (4) a. Haf við raun þína en eigi sögn annarra því að fátt er betur látið en efni eru til. (BandM 2:3)
- b. Nú skildust þeir frændur í Dölum og fékk Sturla Guðmundi föruneysi norður á Háls því að Ingimundur prestur sendi hann enn þá þangað. (Prests 88:115)
- c. Síðan tók hún spennitöng og vildi draga út járníð en það var fast og gekk hvergi, stóð og lítið út því að sárið var sollið. (ÓlHelg 234:539)
- d. Vel þyki mér, að þú farir brutt, en lítils er mér von að þér, því að móðurætt þín er öll þrælborin. (Landn 309:316)

Það má hins vegar finna talsvert af dæmum um að *því* standi eitt sér, en ekki með *að* á eftir; við þessu er stundum amast í nútímamáli, eins og kunnugt er.

- (5) a. Hann var íslenskur og var kallaður Miðfjarðar-Skeggi því hann bjó að Reykjum í Miðfirði en var löngum í kaupferðum. (Bárð 5:51)
- b. Það skaltu eigi kæra því að þér á svo hver hlutur að þykja sem honum því hann er betri maður en þú. (Eyrb 31:575)
- c. Svo mun þér hentust mín vist að eg fari sjálfráður því eg er skapstyggur ef mér líkar eigi vel (Grett 32:1004)
- d. Hét annar Björn en annar Sigurður og mislíkaði Klaufa fjárreksturinn því hann átti á eina með og líkaði honum illa er hún var elt afvega. (Svarf 16:1801)

Tengingin *fyrir því að* er líklega með öllu horfin úr nútímamáli. Hún er hins vegar ein algengasta orsakartengingin í fornu máli (183 dæmi í textasafninu):

- (6) a. En fyrir því að Egill vissi að Grímur var maður göfugur og sá ráðakostur var góður þá var það að ráði gert. (Egla 78:489)
- b. En fyrir því að Þórarinn var skyldur mjög Klaufa þá sendi hann honum orð (Svarf 14:1798)
- c. En fyrir því að myrkur var mikið þá varð ekki skjótt um atgönguna (ÓlHelg 227:532)
- d. En fyrir því að þeim varð féfátt þá rændu þeir víða en lendir menn og bændur gerðu lið að þeim. (MagErl 36:843)

Tengingin *með því að* er talsvert algengari í fornu máli en *af því að* (alls 161 dæmi í textasafninu), og virðist notuð á svipaðan hátt og í nútímamáli. Nú á tímum er þessi tenging hins vegar sárasjaldgæf, að því er virðist.

- (7) a. En með því að Ölvir sótti það mál mjög þá hét Grímur ferð sinni þá er hann þættist búinn. (Egla 24:396)

- b. En með því að þeir vissu að Ari var sterkari en aðrir menn þá hljópu þeir undan ránni en Ari lét eigi niður falla að heldur. (Íslsag 130:183)
- c. En með því að þú segir að guð yðar má svo mikið þá láttu hann nú svo gera að veður sé skýjað í morgun en regn ekki (ÓlHelg 112:384)
- d. Þórður gellir sætti þá; og með því að hvorigir vildu láta af sínu máli, þá var völlurinn óheilagur af heiftarblóði. (Landn 85:126)

Tengingin *úr því að* er ekki sérlega fátíð í nútímamáli, en ég hef hins vegar aðeins fundið eitt dæmi um hana í fornu máli:

- (8) Nú mun enn fara sem oftast að vér munum bera lægra hlut úr því að vér náum eigi að flytja í brott lík frænda vorra. (Vopnf 8:1995)

Um tenginguna *sakir þess að* hef ég fundið 12 dæmi í fornu máli, en ekkert um *sökum þess að*. Elsta dæmi sem ég hef um síðarnefndu tenginguna er frá fyrri hluta 17. aldar. Báðar eru þessar tengingar sennilega sjaldgæfar í nútímamáli.

- (9) a. Skaltu nú, móðir, fara fyrst sakir þess að þú ert albúin og vit að þú komist fyrir þau. (Bárð 16:67)
- b. En sakir þess að Örn var orðinn gamall maður þá sótti hann mannleg náttúra svo að hann mæddist (GunKV 16:1164)
- c. ekki kæmi mér það á óvart þó að eigi stæði hans hagur með hinum mesta blóma áður lúki, sakir þess að þér þótti tréið það hið mikla eigi með svo miklum blóma sem þú vildir. (Harð 6:1257)
- d. Þorgrímur goði spyr nú athæfi Búa og atferði en sakir þess að hann hafði nær höggið honum í drápi föður hans þá gerði hann nú eigi til hans (Kjaln 7:1445)

Eitt dæmi er um *þar eð* í fornu máli:

- (10) Enn sýndir þú hver þú varst mér þar eð menn vildu mig þýðast. (Flóam 21:747)

Nokkur dæmi eru hins vegar um *þar sem* sem orsakartengingu (þótt þetta orðasamband sé langoftast tilvísunartenging, eða atviksorð + tilvísunarorð).

- (11) a. Þorsteinn kvað eigi um að leita að Þórður kæmist undan neinum álögum þar sem af honum hefði allt hið illa staðið um þetta mál. (BjHít 34:122)
- b. "Spyr þú að því," segir hún, "þar sem þú ert hið mesta illmenni?" (Njála 36:164)
- c. Sæmundur bað hann þegja og mæla ekki slíkt "þar sem vér erum menn sáttir." (Svínf 366:559)
- d. Þykist eg þinna ráða mjög þurfa þar sem þú ert kallaður hinn vitrasti maður. (ÞorSka 442:688)

Tengingin *vegna þess að* er allalgeng í nútímamáli, en kemur ekki fyrir í fornu máli; hún

finnst hins vegar í *Nýja testamenti* Odds.

Þær orsakartengingar sem fjallað hefur verið um hér að framan eru allar fleiryrtar; en að lokum skulu nefndar tvær einyrtar orsakartengingar. Um tenginguna *fyrst*, í merkingunni 'úr því að'; gegnir svipuðu máli og um *vegna þess að*; *fyrst* er líka algengt nú, en ekki til að fornu, og elstu dæmi sem ég finn um það eru líka í *Nýja testamenti* Odds.

Ein orsakartenging sem ekki er tekin með í upptalningu Björns Guðfinnssonar, en er hins vegar talin t.d. hjá Jakobi Jóh. Smára (1920:206) er *alls*. Um hana er slæðingur af dæmum í fornu máli, en væntanlega ekkert í nútímamáli.

- (12) a. En alls þeir vissu ætt hans góða og hann sjálfan vinsælan þá hættu þeir til að eiga að honum (BandK 1:26)
- b. Það er nú ráð Gísli að renna eigi undan og láta eigi elta þig alls þú ert kallaður fullhugi mikill. (GíslL 27:950)
- c. En þó nenni eg eigi með öllu að víkjast undan við þig alls þú hefir þó hér til nokkurrar ásjá ætlað. (Laxd 14:1550)
- d. Fann eg þá það og sá metnað Möðruvellinga er mannum fylgdu, alls eg hugði þá að mannvirðinginni, að ekki mundu þær bætur fyrir koma er mundi að sæmd verða. (ÞorHaf 34:43)

Þegar að er gáð kemur í ljós að ýmsar algengar tengingar í nútímamáli koma nánast eða ekki fyrir að fornu; og einnig eru til tengingar sem voru algengar í fornu máli en koma vart eða ekki fyrir í nútímamáli. Þessum breytingum er sjaldnast mikill gaumur gefinn, en vegna þess hversu algengar samtengingar eru, má halda því fram að þessar breytingar séu í raun mikilvægari en virðast mætti í fljótu bragði. Það er örugglega ómaksins vert að kanna samtengingasögu Íslands nánar.

Heimildir

Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði* handa framhaldsskólum. 6. útgáfa. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.

Friðrik Magnússon. 1988. Hvað er títt? Tíðnikönnun Orðabókar Háskólans. *Orð og tunga* 1:1-49.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1981. Fleiryrtar aukartengingar? *Íslenskt mál* 3:59-76.

Íslensk orðtíðnibók. 1991. Höf. Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.

Jón G. Friðjónsson. 1993. *Íslensk orðatiltæki. Mergur málsins*. Uppruni, saga og notkun. Örn og Örlygur bókaklúbbur hf., Reykjavík.

Vísanir í *Íslendinga sögur* eru í útgáfu Braga Halldórssonar, Jóns Torfasonar, Sverris Tómassonar og Örnólfs Thorssonar (1985-6/1987); vísanir í *Sturlunga sögu* eru í útgáfu Bergljótar Kristjánsdóttur, Braga Halldórssonar, Gísla Sigurðssonar, Guðrúnar Ásu Grímsdóttur, Guðrúnar Ingólfisdóttur, Jóns Torfasonar, Sverris Tómassonar og Örnólfs Thorssonar (1988); vísanir í *Heimskringlu* eru í útgáfu Bergljótar Kristjánsdóttur, Braga Halldórssonar, Jóns Torfasonar og Örnólfs Thorssonar (1991), og vísanir í *Landnámabók* eru í útgáfu Jakobs Benediktssonar (1968; stafsetning færð til nútímahorfs).